

Á myndinni, sem tekin er í nóvember 1989, eru mæðgurnar Chandana Bose og Pussy, sem báðar léust á síðasta ári. Við í féluginu stöndum í mikilli þakkarskuld við þær mæðgur og söknum þeirra sárt.

## Útilega 11.- 13. júlí

Útilega sumarsins verður að þessu sinni haldin í Grenivík við Eyjafjörð.

Það er Norðurlandsdeildin sem mun hafa veg og vanda að undirbúningi að þessu sinni. Gist verður í tjaldi eða í svefnþokaplássi. Á Grenivík er ágætis aðstaða; sundlaug, leikaðstaða, bestaferðir og veiði.

Við hvetjum alla til að taka þátt. Bréf með nánari upplýsingum verður sent í byrjun júní.

## Fræðslu- og umræðu-fundur

Fimmti og jafnframt síðasti fræðslu og umræðufundur vetrarins verður haldinn miðvikudaginn 21. maí n.k. að Grettisgöu 6. Gestur kvöldins verður Nanna K. Sigurðardóttir félagssráðgjafi. Nanna hefur mikla þekkingu á málefnum fjölskyldunnar og verður efni fundarins Fjölskyldan - staða og hlutverk foreldra. Fundurinn hefst kl. 20.30. Vonandi sjáumst við sem flesta á þessum síðasta fundi fyrir summarfrí.

## Meðal efnis:

**Bls. 3** Fræðslufundir

**Bls. 4-5** Ferðin langþráða

**Bls. 6** Nýir Íslendingar.

**Bls. 7** Barnasíðan



## ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

### Fréttabréf Félagsins Íslensk Ættleiðing

#### Útgefandi:

Íslensk Ættleiðing

Grettisgötu 6

101 Reykjavík

Sími: 551 4280

Fax: 562 4910

#### Ábyrgðarmaður:

Olga Stefánsdóttir

#### Ritnefnd:

María J. Gunnarsdóttir

Snjólaug Stefánsdóttir

#### Opnunartími skrifstofu:

kl. 10-12 miðvikudag og föstudag

#### Starfsmaður skrifstofu:

Guðrún Sveinsdóttir

#### Stjórn:

Ingibjörg Birgisdóttir, formaður

Lísa Yoder, varaformaður

Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri

Ingvar Kristjánsson, ritari

Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi

Guðlaug Guðmundsdóttir, varamaður

Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

#### Fulltrúar í Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri

Helgi Stefánsson, Akureyri

Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

#### Fræðslunefnd:

Ásdís Guðmundsdóttir

Guðlaug Guðmundsdóttir

#### Umbrot og prentun:

Prisma/Prentbær,

Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði

# Fréttir frá stjórn og skrifstofu

## Biðlisti.

Margir vinna nú að öflun gagna vegna ættleiðingar. Biðlisti til Indlands er óvenju stuttur, en Rúmeníulisti er nokkuð lengri og of fáar umsóknir eru til Thailands. Íslenskir foreldrar eiga nú 8 börn á barnaheimilum erlendis, í Indlandi, Thailandi og Rúmeníu, og vonum við að þessi börn komi heim sem fyrst, og að upplýsingar um fleiri börn berist fljótlega.

Fyrsta barn frá Rúmeníu á vegum Í.Æ. kom heim í febrúar. Ekkert er enn að fréttta frá Kína, en sendiráðið þar hefur verið okkur innan handar í samskiptum við þarlend stjórnvöld. Vonandi er þess ekki langt að biða að niðurstaða fáist.

## Kalkútta.

Eftir fráfall Chandana þurfti að endurskipuleggja rekstur barnaheimilisins. Það gerði Anju málkona hennar og aðstoðarmaður af miklu krafti. Hún sendi okkur síðan upplýsingar um börn og eru umsóknirnar í dómskerfinu úti og koma tvö börn vonandi í maílok og hin í sumar.

Starfsleyfi barrnaheimilisins rann út um miðjan þennan mánuð, en sótt hefur verið um endurnýjun sem við vitum ekki hvenær verður veitt og við búumst við góðu samstarfi áfram.

## Sendiherraskipti.

Í janúar sl. kom Mathur sendiherra Indlands til að kveðja, því hann var á fórum til nýrra starfa í Belgrad. Nýlega kom svo nýr sendiherra, J. Daulat Singh, hingað til að afhenda trúnaðarbreyf. Hann heimsótti skrifstofu Í.Æ og hitti stjórnarmenn og kynnti sér starfsemi okkar. Við áttum vinsamlegar viðræður við hann og vonumst eftir áframhaldandi góðum samskiptum við sendiráðið í Oslo.

## Samstarf Norðurlandanna og í Euradopt.

Fulltrúar Norðurlandanna hittust í Kaupmannahöfn 4.-6. apríl sl. til að undirbúa norrænan fund í Vaasa í Finnlandi í september nk. Þangað verður öllum ættleiðingafélögum sem starfa á Norðurlöndunum boðið og stjórnvöldum viðkomandi landa. Einnig verður dagskrá fyrir fullorðna ættleidda ásamt fleiru athyglisverðu sem varðar reynslu og viðhorf þeirra sem að málina koma frá öllum hliðum. Nánari upplýsingar um þessa ráðstefnu má fá á skrifstofu félagsins.

Stjórn Euradopt hélt sinn fund í Haag í Hollandi 18.-20. apríl sl. Þar voru meðal annars fluttar skýrlur um ástandið í ættleiðingarmálum í löndum þeirra sem eiga aðild að samtökunum. Í ljós kom að flest landanna eru komin á lokastig með að fullgilda Haag sáttmálann um alþjóðlegar ættleiðingar og nokkur þegar búin að því. En á Íslandi er nokkuð í land ennþá þar sem ný lög um ættleiðingar eru ekki enn tilbúin og ekki er hægt að fullgilda sáttmálann fyrr en þau eru í höfn. Í Haag sáttmálanum eru skýr ákvæði um hvernig á að standa að ættleiðingum og mikilvægt er að farið sé eftir þeim - það kemur einnig til með að verða krafra stjórnvalda í fæðingarlöndum barnanna að við séum aðilar að sáttmála þessum.

Formaður Í.Æ er fulltrúi Íslands í Norðurlandaráðinu og stjórn Euradopt.

# Fræðslufundir

Í veturnar hefur Íslenska ættleiðingafélagið boðið upp á fræðslufundi um ýmis áleitin málefni. Hefur Snjólaug Stefánsdóttir annast skipulag þessara kvölda.

## Ástin, aginn og uppeldið

Fyrsti fræðslufundurinn var í október og var umræðuefnið ástinn, aginn og uppeldið. Rætt var m.a. um að staða foreldra í dag getur verið býsna flókin, kröfur til foreldra um margt óljósar og misvísandi. Á undanförnum árum hafi skólinn tek-ið að sér sífellt stærra hlutverk í uppeldismálum og veltu fundarmenn m.a. fyrir sér hvort það væri á kostnað kennslunnar. Ástin og aginn eru tengd, það krefst aga að elskja og hvorutveggja er nauðsynlegt í uppeldi. Staða barnanna og á stundum sérstaða barnanna okkar var rædd, hvaða áhrif og hvaða sérstöðu litarhátturinn skapar þeim, bæði í jákvæðum og neikvæðum skilningi. Lenda þau t.d. í erfiðleikum þegar þau skara framúr, líkt og þau gera ef þau lenda undir. Viðstaddir voru sammála um mikilvægi þess að hlusta vel á börnin, hofast í augu við staðreyndir, hverjar sem þær eru, takast á við málið og leita lausna á jákvæðum forsendum.

Við vorum sammála eftir þennan fund að mikilvægt væri að innan félagsins væri vettvangur til að hittast og ræða málín.

## Sjálfsvirðing og sjálfsmynnd

Næsti fundur fjallaði um sjálfsvirðinguna og sjálfsmynndina. Það eru til ótrúlega mörg hugtök um sjálfid eins og menn vita. Sjálfvirðingin er tilfinningalegt mat einstaklings á sjálfum sér en sjálfsmynnidin stjórnast hins vegar meira af skynsemi og vitsmunalegu mati viðkomandi. Fræðimenn telja góða sjálfsvirðingu afar mikilvæga fyrir farsælu lífi viðkomandi og að það geti tekið langan tíma að leiðréttu og laga slaka og neikvæða sjálfsvirðingu einstaklings.

Viðurkenndar aðferðir fyrir foreldra til að stuðla að góðri sjálfsviðringu barna eru m.a. að skilja mjög skýrt á milli óánaegju með hegðun barnsins og óánægju með barnið sjálfst. Dæmi um slíkt er að forðast að nota ásakanir eins og *þú er vondur eða þú ert óþekkur* en segja t.d. í staðinn *það sem þú gerðir var ekki gott*, um er að ræða að dæma hegðun barnsins en ekki barnið sjálfst. Þá er líkamlegt og andlegt ofbeldi barni mjög skaðlegt og er undirstrikað að andlegt ofbeldi geti verið barni ekki síður skaðlegt en það líkamlega. Það að foreldri segi barni að það sé vonlaust eða ómögulegt getur verið jafn sársaukafullt og skaðlegt eins og löðrungur.

Í stuttu máli má segja að niðurstöður rannsóknna og fræðimanna hafi leitt í ljós að góð sjálfsvirðing barna ráðist mjög af því að foreldrar elski börnin sín skilyrðislaust, viðurkenni barnið eins og það er, noti ekki andlegar eða líkamlegar refsingar, framfylgi skýrum reglum og sýni börnunum og gjörðum þeirra áhuga. Góðar umræður urðu um þetta efni.

## Félagsleg einangrun og einelti

Þriðji fundurinn fjallaði um félagslega einangrun og einelti. Ræddum við um mikilvægi þess að hlusta vel á börnin okkar, taka alvarlega ef þeim líður illa, hlusta þegar þau kvarta undan framkomu félaga sinna og gera ekki lítið úr því áreiti sem þau verða fyrir. Sérstaða okkar barna var rædd í þessu samhengi og hvernig við með hvatningu, virkum stuðningi og opinni umræðu getum hjálpað þeim að mæta og leysa þá árekstra og þær útistöður sem þau lenda í. Góðar hugmyndir og ráð flugu í umræðunni.

## Að vinna traust barna

Á fjórða fræðslufundi félagsins hélt Inga Stefánsdóttir, sálfræðingur, erindi um tengslamyndun barna. Hún hefur unnið mikið með ættleidd börn, íslensk fædd sem hafa verið sett í fóstur.

Hún tók dæmi af 6 ára dreng sem hafði verið vistaður á barnaheimili ásamt yngri bróður sínum. Þeir höfðu verið teknir af foreldrum sínum vegna óreglu þeirra og skeyingarleysi um ummönnum drengjanna. Sá eldri vildi ekkert hafa með fullorðna að gera og vildi sjá sjálfur um bróður sinn. Það tók Ingu langan tíma að vinna traust hans. Til að ná til hans notaði hún leiki. Þau léku sér að dúkkuhúsi. Lengi vel máttu engar fullorðnar dúkkur koma inn í dúkkuhúsið. En seinna máttu þeir aðeins koma sem vinnukonur, gefa mat og þrífa. Drengirnir voru teknir í fóstur. Ýmislegt kom upp á og ýmsa erfiðleika þurfti að yfirvinna, en í heildina gekk það vel.

Inga benti á mikilvægi þess að hafa ekki of miklar væntingar, sem börnin eiga að uppfylla. Taka eitt atriði fyrir í einu. Barnið hefur fortíð og ekki er hægt að ætlast til þess að hægt sé að móta það algjörlega í eigið móti. Fyrsti grunnurinn skiptir mestu. Drengurinn hér að ofan hefur að öllum líkindum fengið fyrstu þörfum fullnægt og þannig hafa góðan grunn, sem hægt var að byggja á.

## Þroskaferli barna er skipt niður í tímabil

0-1,5/2 ára	„ég er það sem ég fæ“	Á þessu tímabili er lagður grunnur að trausti.
2-3/4 ára	„ég er það sem ég vil“	Sjálfstrauð byggt upp. Þetta tímabil gerir miklar kröfur til uppalenda, skapofsaköst eru tíð og fullorðnir eru einskonar stuðningssjálf um hvað má og hvað má ekki.
3/4-6/7 ára	„ég er það sem ég verð“	Hlutverkaleikir, herma eftir, upptekin af eigin líkama.
6/7-ung-lingsár	„ég er það sem ég get“	Ef barnið nær að lifa upp til krafna þá styrkist sjálfstraustið, ef ekki þá færð það minnimáttar-kennd.

framhald á bls. 8

# Ferðin langþráða

## - Rúmenía -

Þar sem við hjónin erum nýlega komin heim með fyrsta barnið sem kemur frá Rúmeníu í gegnum Íslenska Ættleiðingu, langar okkur að reyna að miðla ykkur, sem nú eruð að bíða eftir barni þaðan, af reynslu okkar.

Eftir langan og strangan aðdraganda að ættleiðingunni, sem einkenndist af sífelldum töfum, sumum skiljanlegum en öðrum af undarlegustu ástæðum, (t. d. var ver�fall dómara síðast í röðinni af töfum!!!) kom skyndilega kallið um hádegið mánudaginn 17. febrúar. - Það var svo undarlegt, að þótt hin verðandi módir hafði haft „hríðir“ í marga mánuði virtist það koma henni algerlega í opna skjöldu þegar símtalið kom og henni sagt að byrja að REMBAST, strax! - Jú, en við vorum samt tilbúin, tvö barmafull háófrísk foreldrahjörtru voru komin í loftið 45 klukkustundum eftir þetta mikilvæga símtal. - Keflavík - Lundúnir - Vín - Búkarest, á tveimur dögum.

### Pörf fyrir barnaföt og leikföng

Við höfðum fengið að vita að hælið sem dóttir okkar var vistuð á bæði okkur um að reyna að safna ungbarnafötum og leikföngum fyrir 0-2ja ára þar sem mikill skortur er á öllum slíkum varningi í Rúmeníu og fátæktin mikil. Það var auðvelt að leita til vina og ættingja og biðja þá að taka fram gömlu kassana með barnafötunum og fórum við með um 20 kg. út! Þar sem kallið kom með svo stuttum fyrirvara var auðvitað eftir að panta far og hótel og pakka niður. Þessu var öllu komið í kring í skyndi og við lögðum af stað í mikilvægasta ferðalag lífs okkar.

Þegar til London kom komum við farangrinum okkar í geymslu á flugvellinum, nema tösku með því nauðsynlegasta sem við þurftum til einnar nætur. Við tókum neðanjarðarlest inn til London og komum okkur fyrir á hótelinu. Morguninn eftir fórum við í leigubíl út á Heathrow flugvöll, náðum í farangurinn okkar, og flugum með Air Austria til Vínar og þaðan til Búkarest.

Madam Coman, sem er lögfræðingur okkar íslendinga í ættleiðingarmálum í Rúmeníu, tók á móti okkur á flugvellinum. Við fengum strax fyrstu verklegu kennsluna í Rúmenskum síðvenjum; maður heilsast með kossi á vangana - báðum megin - bara öðru megin nægir ekki! - Við komum seint að deginum og Madam Coman og Alexander, sonur hennar, keyrðu okkur heim í ísbúðina sem við leigðum meðan á þessari 5 daga dvöl okkar stóð.

### Fjölskyldan sameinast.

Morguninn eftir komu Madam Coman og Cosana, túlkur okkar og frænka Madam Coman, til að ná í okkur. Það voru aðeins tvö „pappírsverkefni“ eftir, það var að ná í vegabréf dótturinnar og fá vegabréfsáritun hjá danska sendiráðinu í Búkarest þar sem við myndum hafa við komu í Kaupmannan-



Þuriður sér bér karlmann í fyrsta sinn á ævinni og eignast pabba. Myndin er tekin á skrifstofunnini á hælinu.

höfn á leiðinni heim. Síðan var stefnt út úr borginni í líttinum bæ um hálftíma akstur fyrir utan Búkarest þar sem stofnunin er og litla stúlkan okkar beið. Þegar þangað var komið var okkur snarlega vísað inn á skrifstofu stofnunarinnar. Það er erfitt að lýsa hinum sterku tilfinningum sem bærðust í okkur meðan við sátum þarna og biðum eftir því að fá að sjá barnið okkar í fyrsta skipti, og þegar við sáum hana! Þegar komið var með hana til okkar þekktum við hana strax af myndunum sem við höfðum fengið af henni, nema að við höfðum ekki gert okkur grein fyrir því hvað hún var þínu lítil! Hún var með innbyggðan segul sem small við mömmu og pabba, sterkt eins og Lína langsokkur og fingur sem héldu í okkur af alefli svo það gekk ekki að láta hana frá sér augnablik fyrstu dagana, það góða var að pabbi og mamma voru bæði jafngild svo það var möguleiki fyrir annað okkar að matast og skreppa á klóið, útbúa mat og þ. h. meðan hitt hélta á henni. Hún var 13 mánaða; - vissi hvað hún hafði haft og ætlaði sér ekki að sleppa þessu sem henni nú hafði hlutnast; mömmu og pabba sem stördu á hana eins og áttunda furðuvek veraldar og með það hlutverk eitt að uppfylla allar hennar þarfir!

Við dvöldum í Rúmeníu í rúma fjóra daga. Tími okkar fór að sjálfsgöðu mestallur í að njóta þess að vera með Þuriði

litlu, kynnast henni og leyfa henni að kynnast okkur. Við komumst þó í skoðunarferðir á sunnudeginum og á mánu-deginum áður en við fórum heim. Heimferðin var ekki eins erfið og við mátti búast, Þuriður litla var eins og engill allan tímann. Hún, sem fjórum dögum áður hafði aldrei komið út fyrir hússins dyr, var nú komin upp í flugvél á leið heim til Íslands.

Við munum aldrei nágsamlega getað þakkað Madam Coman fyrir að finna Þuriði fyrir okkur! Við gleymum heldur ekki starfstúlkunum á hælinu sem höfðu hugsað svo vel um barna-íð okkar að rassinn var silkimjúkur og sínn. - þær komu allar til að kveðja hana í anddyrinu þegar við fórum, - fimm konur sem sáu um 78 börn! Við vorum fegin að hafa munad að kaupa konfekt í fríhöfninni til að færa þeim.

Við vitum hvernig fátæktin er í Rúmeníu, við mælum með að þið gerið það sama og við og byrjið að safna gjafafötum og leikföngum fyrir þau börn sem verða eftir, þeim sem ekki eru svo lánsöm að verða ættleidd. - Það var mjög gefandi að sjá hvernig uppi varð fótur og fit við móttökuna á þessu og greinilegt hversu þörfin var sár.

### Nokkrar ráðleggingar að lokum.

Þótt almennt sé mikill skortur í Rúmeníu á vörum sem við eignum að venjast er hægt að fá vestrænar nauðsynjavörur með lítilli fyrirhöfn. Því er ekki nauðsynlegt að hafa með sér barnamat og þess háttar, það er flest hægt að kaupa þar. Við leigðum íbúð af Alexander Coman og fannst okkur mikill munur að hafa heila íbúð útaf fyrir okkur í stað þess að vera í einu hótelherbergi með lítið barn. Parna gátum við haft alla okkar hentisemi, hagað matartínum eftir þörfum, lifað eðli-legra fjölskyldulífi ef svo má segja. Madam Coman, Cosana og Alexander hjálpuðu okkur með innkaup og þess háttar. Maturinn þarna reyndist okkur ekki skeinuhættur og fyllsta hreinlætis virtist gætt í búðinni þar sem við versluðum.

Ferðalag eins og þetta er erfitt fyrir líkama og sál. Maður ætti að gæta þess að spara sjálfan sig eins og maður getur. Það er betra að eyða heldur meiru í leigubíla og góð hótel heldur en að leggja á sig erfíðar ferðir með neðanjarðarlestum og strætisvögnum.

Madam Coman er vel inni í öllum málum sem varða ættleid-tingar og er vel kynnt í kerfinu þarna. Hún og frænka hennar, hún Cosana, stjönuðu við okkur og vildu allt fyrir okkur gera.

Með bestu kveðjum og von um gott gengi í ykkar málum,

Hilmar Sveinsson og Ásdís Traustadóttir

## Kíkt í blöð ættleiðinga-félaga á Norðurlöndum

Hér að neðan er tæpt á tveimur könnunum annari í Svíþjóð og hinni í Danmörku. Þessar kannanir gefa báðar vísbendingar um að ættleiddum börnum vegni vel. Fer ekki að verða tímabært að leita uppi efnilega námsmenn sem eru á höttum eftir spennandi lokaverkefni og vekja athygli þeirra á málinu.

### Viðtöl við ættleidd börn

Fjölmargar kannanir á högum ættleiddra barna hafa verið gerðar á Norðurlöndum. Í sánska blaðinu Vi adoptivfamiljer nr. 4 1995 er grein eftir Munchi Westin sem fjallar um helstu niðurstöður úr lokaverkefni hennar í sálfræði. Westin tók viðtöl við 11 unglings á aldrinum 15 - 21 sem höfðu verið ættleidd frá Kóreu eða Indlandi. Leitaði hún svara við spurningum er varða líðan og upplifun þeirra á unglingsárunum. Spurði hún: Hafa ættleidd börn af erlendum uppruna sérstök vandamál sem tengast því að vera ættleidd?


Unglingarnir áttu það sameiginlegt að búa við góðar aðstæður og áttu ekki í neinum sjáanlegum vandræðum. Viðtöl hennar leiddu þó í ljós að undir sléttu yfirboðinu áttu unglingsarnir í innri baráttu, togstreitu og tilvistarvanda og voru í þörf fyrir mikinn stuðning og öryggi. Meðal annars kom í ljós að það hjálpaði unglungunum til sjálfstæðrar tilveru hvernig unnið hafði verið úr missinum sem felst í upphaflegum aðskilnaður við lífforeldra barnsins. Þegar kjörfareldrar geta hjápað börnum sínum að takast á við áleitnar spurningar kringum ættleiðinguna styrkir það sjálfsvirðingu þeirra og auðveldar þeim aðlögun. Í athugun hennar virðist vera mundur á viðhorfum og líðan drengja annarsvegar og stúlkna hinsvegar til upprunans og spurninga kringum hann. Drengjunum sumum a.m.k. fannst efnid erfitt tilfinningalega og vildu láta kyrrt liggja. Hún gerir þó ekki sérstaklega grein fyrir þessum mun í grein sinni. En svo virðist sem drengir leggi minni áherslu á að ræða uppruna sinn en stúlkur. Í niðurstöðum sínum kemur fram að Westin telur hugsanlegt að ættleidd börn þurfi meiri tíma og stuðningi á unglingsárum, en aðrir til að öðlast það sjálfstæði, þann þroska og innri sátt sem sé nauðsynlegt farteski inní fullordinsárin.

### Ánægja meðal ættleiddra barna í Danmörku

Sálfræðingurinn Anni Nørskov skrifar grein í fréttabréfið DanAdopt 95 um niðurstöður rannsóknar sem hún gerði. Viðfangsefni rannsóknarinnar er hvort unglingsar sem voru ættleiddir og komu til Danmerkur sem börn hefðu orðið fyrir áreiti eða stríðni vegna uppruna síns. Hún spurði 232 unglings á aldrinum 12 - 18 ára. Niðurstöðurnar eru flestar á einn veg. Meira en 80% segjast aldrei eða mjög sjaldan hafa orðið fyrir áreiti eða stríðni sem hafa með uppruna eða útlit þeirra að gera. Um 3% segjast oft hafa orðið fyrir slísku. Aðrar niðurstöður rannsóknarinnar benda í sömu átt. Anni Nørskov veltir fyrir sér hvort vaxandi kynþáttafordómar t.d. í Danmörku felist fyrst og fremst í menningarlegum mun og hafi í raun ekkert með útlit eða litarhátt viðkomandi að gera.

Þytt og endursagt /SnjSt.

# Nýir íslendingar



Sigrún Arna Brynjarsdóttir f. 12.11.87 með litla bróður sinn Böðvar Brynjarsson f. 24.12.95  
bæði fædd í Kalkútta.



Puríður Símona Hilmarsdóttir fædd í Rúmeníu



Þessar fallegu systur koma allar frá barnabeimili Chandana Bose í Kalkútta. Elst er Anna Gréta, í miðjunni er Bergþóra og yngst er Guðrún. Þær eru allar Sveinsdætur.

# Barnasíðan

**Tvö börn skrifa um upprunalandið sitt og fæðingu**



Mynd af Guðlaugu og Sævari Erni bróður hennar tekin á fermingardegi hennar 8.4. 1996. Sævar Örn er fæddur í Kalkútta 1988


## Hin ævintýralega fæðing

Þann 8. apríl 1982, óralangt frá mömmu sinni og pabba leit líttill svarthærður telpuhnokki dagsins ljós, réttara sagt næturljós því klukkan var þrjú að nóttu til. Lítill og ræfilsleg var hún, rétt tæprar 10 merkur, 2500 gr og ca. 46 cm með svarbrún augu. Er hún var 10 daga gömul komu loksins mamma hennar og pabbi til hennar þar sem hún beið þeirra steinosfandi í sínum litla draumaheimi.

Í 10 daga dvöldu þau í þessu fjarlægum landi er nefnist Indónesía. Þann 29.4.1982 kvaddi litla daman fæðingarland sitt því nú lá sko leiðin heim til Íslands. Og tók það nú um 38 tíma að komast heim, því fyrst þurfti að fljúga til Singapore og þaðan til Bangkok en þar þurfti að bíða í smá tíma. Notaði þá pabbi hennar tímann til að þvo fót af dömunni sinni því hún hafði notað tímann vel í fluginu og atað öll fötin sín út í vökvu sem við skulum ekkert vera að tala um hér. En síðan lá leið þeirra til Kaupmannahafnar, þar tók önnur bið við eða um 8 tímar. En lokst eftir langa og erfiða ferð lento þau á Keflavíkurflugvelli þar sem mikil móttökunefnd beið með nefið klesst upp við glerið eftir að sjá nýja fjölskyldumeðliminn sem var engin önnur en ég Guðlaug Magnúsdóttir og er þetta partur af fæðingarsögu minni og sögu mömmu og pabba.

Guðlaug Magnúsdóttir 1996

Pessa ritgerð skrifaði Guðlaug 9. bekk Foldaskóla og fékk ágætiseinkunn fyrir.




Ein frægasta bygging í heimi Taj Mahal í Agra á Indlandi.

## Kæru bekkjasystkin og kennari

Ég ætla að segja ykkur frá Indlandi, þar sem ég er fæddur. Þar búa næstum 1000 milljónir manna. Sumir eru ríkir en mjög margir eru fátækir. Höfuðborgin heitir Delhí. Frægasta byggingin er Taj Mahal, sem er með fallegustu húsum í heimi. Flestir trúu á guðinn Síva. Við eigum styttu af Síva þar sem hann er að dansa inni í hjóli tímans. Hann er með fjórar hendur. Konurnar á Indlandi gagna í kjól sem kallast Sarí. Frægasti maður Indlands er Gandhi. Hann var mikill friðarsinni og bardist fyrir sjálfstæði Indlands með friðsönum hætti. Hann vildi ekki berjast með vopnum, en sigraði samt.

Ég var aðeins 7 mánaða þegar ég kom til Íslands. Ég var á barnaheimili í Kalkútta þangað til mamma og pabbi komu að sækja mig. Ég er brúnn eins og aðrir Bengalar. En það heita þeir sem eiga heima við Bengalflóa. Ég starði á þau hissa því þau töluðu einkennilegt mál og voru svo hvítar. Ég vandist þeim þó fljótt.

Pessa ræðu hét Ívar Egilsson 7 ára fyrir bekkinn sinn, 2. N, í Laugarneskóla í mars síðastliðnum.



Á jólaskemmtun félagsins í desember s.l.

## Ljóð um vorið

Á vorin hlaupa hestar um tún,  
og aftur taka sprett áfram nú.  
Yfir vatnið bláa,  
á hinum fallega fáki fráa.

Höf: Líney Dan Gunnarsdóttir, 9 ára





Sólveig Kanchi og Þóra Katrín frá Sri Lanka eru 12 ára. Þær eru bér á myndinni klæddar í þar lenden þjóðbúning.

### Fræðslufundur - Að vinna traust barna framhald af bls. 3

Algeng viðbrögð barna í kreppu eru hræðsla, reiði, barnaleg hegðun, einangrun, svartsýni og ýmis líkamleg einkenni. Ef tengsl rofna þá verða börnin oft sljó fyrst í stað og ganga á milli og leita. Þetta þekkja sum okkar sem hafa ættleitt börn erlendis frá þar sem börnin okkar vilja fyrst vera hjá öllum og ganga á milli. Börn sýna oft barnalega hegðun og leita til baka til þess þroska þegar þau voru örugg. Þá er rétt að leyfa barninu að vera barnalegt á ákveðnum sviðum það er t.d. hægt að taka það í fangið og rugga því. Sum börn loka sig af og verða svart-sýn og upptekin af dauðanum. Á þessu tímabili kreppu geta þau reynt mikil á þolrifin og mikilvægt er að sýna þolinmæði, leiðbeina án þess að skamma o.s.frv.

Inga gaf nokkrar ráðleggingar til foreldra ættleiddra barna; gefa skyringar, segja af hverju -tala opið og beint forðast að dæma foreldrana - allar tilfinningar eiga rétt á sér, þær eru aldrei réttar eða rangar -gefa rými fyrir allar tilfinningar sýna skilning og hlýju - hlusta - útbúa myndaalbúm fyrir barnið frá því það var lítið og hafa þar, í okkar tilfelli, myndir frá upprunalandinu.

SS/MJG

## Barnabækur góð bókabúð

Kannast einhverjir við að öll börn á myndum barnabökanna eru hvít og litlaus? Oft hefur mig langað til að fá bækur með fallegum myndum af alls konar fólk, gulu, svörtu, rauðu og brúnu, sem sýnir börnum okkar það fjölbreytta mannlif sem er á hnettinum. Nú fást loksns á Íslandi fallegar og lítríkar myndabækur og sögubækur sem uppfylla þessar óskir.

Mig langar til að benda félagsmönum á litla bókabúð sem selur erlendar barnabækur með fjölbreyttum myndasögum og frásögnum af fólk af ýmsum uppruna. Ekki er nauðsynlegt að vera fær í ensku til að geta notið bókanna, því myndirnar eru ákaflega fallegar og hver lesandi getur í raun búið til sína sögu við þær.

Bókin um fuglsungann Choco er yndirleg. Choco langar til að eignast mömmu, en finnur enga sem líkist honum. Lokst hittir hann þó bangsamömmu sem líkist honum ekki vitund, en hefur til að bera alla þá góðu kosti sem Choco finnst mamma sín eigi að hafa, hún faðmar hann og hugar þegar hann er leiður, dansar og syngur með honum þegar hann er kátur. Choco fer með bangsamömmu heim og hittir þar hin börnin hennar; grís, flóðhest og krókódíl.

Enska barnabókabúið heitir THE YELLOW BRICK ROAD, og er á Skólavörðustíg 6b, bakatil, og er opin eftir hádegi.

Guðrún Sveinsdóttir

## Meðfylgjandi gíróseðill er fyrir félagsgjöldum ársins 1997

Fólk er hvatt til að greiða seðilinn sem fyrst. Gjaldið er 2000 kr fyrir þá sem hafa verið lengur en 5 ár í féluginu og 4000 kr fyrir nýja félaga. Ástæðan er sú að nýir félagar fá mesta þjónustu þegar börnin eru ættleidd.